

Félags- og menningarmálanefnd, fundur nr. 13

Dags. 16.1.2007

13. Fundur í félagsmálanefnd Þingeyjarsveitar haldinn 16. jan. 2006

Fundur settur kl. 20:30

Mætt voru undirrituð, Hólmfríður Eiríksdóttir, Jón Þ. Óskarsson, Agnes Guðbergsdóttir, Hlöðver P. Hlöðversson og Arnór Benónýsson sem ritaði fundargerð.

1. Fjárhagsáætlun 2007.

Tekin fyrir drög að fjárhagsáætlun fyrir félagsmálahluta: Nefndin sammála um að til að sinna skyldum sínum samkvæmt erindisbréfi þurfi hún að halda að minsta kosti 9-10 fundi og beinir því til sveitarstjórnar að taka tillit til þess í fjárhagsáætlun. Miðað við fyrirhugaðan fundafjölda teljum við að hækka þurfi áætlun um aksturskostnað nefndarmanna.

Félagsleg heimaþjónusta: Nefndin leggur til að leitað sé upplýsinga um með hvaða hætti þessari þjónustu er háttað hjá sambærilegum sveitarfélögum og í framhaldi af því verði skoðað hvernig að henni er staðið í þessu sveitarfélagi. Leggur nefndin til að haft verði að leiðarljósi í þessum málaflokki að sveitarfélagið veiti lágmarksþjónustu á þessu sviði en vilji einstaklingar meiri þjónustu þá greiði þeir fyrir hana.

Félagsleg leiguaðstoð. Nefndin vill að athugað sé hvort ekki sé hægt að lækka framlög til þessa liðar.

Tómstundastarf aldraðra: Nefndin beinir því til sveitarstjórnar að ekki sé skilgreint í fjárhagsáætlun í hvað styrkir til félags aldraðra fara, heldur sé félagið styrkt með einni upphæð sem það ráðstafar síðan að vilja félagsmanna.

Í framhaldi af þessu beinir nefndin því til sveitarstjórnar hvort mögulegt sé að ráða starfsmann í hlutastarf sem mundi sinna; félagsstarfi aldraðra með áherslu á fræðsluþáttinn, íþrótt og æskulýðsmálum, forvarnarstarfi, vinnuskólanum og mannúðarmálum.

Menningarmál:

Bókasöfn: Nefndin telur mikilvægt að leita leiða til að hagræða í rekstri safnanna og sameina þau undir einn hatt með það að markmiði að auka þjónustuna og draga úr útgjöldum til framtíðar lítið. Hvernig er tryggingum háttað á söfnunum?

Félagsheimilin: Leggjum til að eignarhald á félagsheimilunum sé kannað og því komið á hreint svo enginn vafi leiki þar á. Eins teljum við rétt að leita allra ráða til að auka notkun þeirra. Er rétt að kanna möguleika á að leigja einhver þeirra?

Æskulýðs-og íþróttamál:

Vinnuskólinn á Laugum: Mun launakostnaður ekki lækka næsta sumar vegna minni vinnu?

Félagsmiðstöð: Hvað eru leigugjöld ótilgreind og hverjar voru launagreiðslurnar 2006?

Sundlaugin á Laugum Vantar skýringar á litlum mismun á hráefni sem keypt er til endursölu og vörusölu.

Hefur verið hugsað til þess að leita tilboða í hreinlætisþakka sveitarfélagsins

2. Önnur mál:

Ekki gafst tími til að ræða önnur mál.

Fundi slitið kl. 00:30.

Hólmfríður Eiríksdóttir

Hlöðver P. Höðversson

Jón Þ.Óskarsson

Arnór Benónysson

Agnes Guðbergsdóttir